

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-77/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem upphaflega var flutt inn og seld af Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Álitsbeiðandi krefst þess að gagnaðili endurgreiði sér útlagðan kostnað vegna viðgerðar á bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 7. október sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 19. október. Með bréfi, dags. 4. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 5. nóvember. Með bréfi, dags. 10. nóvember, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til þess að skila þeim til 24. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. maí, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að bifreið álitsbeiðanda, xx-000, sem er af gerðinni VW Polo Trendline, árgerði 2011, fyrst skráð 15. júlí 2011, hafi bilað í ágúst 2015. Fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæði í september s.á. og kom þar í ljós að spíss í vél bifreiðarinnar lak. Var skipt um spíssinn og greiddi álitsbeiðandi fyrir viðgerðina kr. 109.368 samkvæmt reikningi þriðja aðila, en þá var bifreiðin nýorðin 4 ára gömul. Telur álitsbeiðandi að nefndur gagnaðili í málinu, sem er umboðsaðili fyrir bifreiðina og flutti hana inn, eigi á grundvelli reglunnar um 5 ára kvörtunarrétt, að bera kostnað vegna viðgerðarinnar. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda og gagnaðila og afrit af reikningi vegna viðgerðar á bifreiðinni

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila kemur m.a. fram að bifreið álitsbeiðanda hafi verið seld með 24 mánaða ábyrgð gagnvart verksmiðjugöllum og að bifreiðin hafi fyrst verið skráð 15. júlí 2011. Fram hafi komið bilun í spíss í vél bifreiðarinnar, sem sé af gerðinni VW Polo 1.2 TDI og hafi bifreiðin verið 4 ára og 2 mánaða þegar bilunin kom fram, ekin 78.545 km. Telur gagnaðili að spíss sé ekki meginhluti vélar og falli því ekki undir 5 ára kvörtunarrétt. Spíssar, sem og eldsneytiskerfið sem þeir tilheyri, séu mjög viðkvæmir fyrir óhreinindum í eldsneyti og vinni við mjög háan þrýsting. Því telji félagið spíss ekki til vélarhluta, heldur til eldsneytiskerfis og að þar af leiðandi falli spíssar ekki undir 5 ára regluna. Telur gagnaðili einnig rétt að benda á að bifreiðin hafi verið ekin 78.000 km þegar kvartað var undan bilun í henni og því hefði átt að vera búíð að skipta um eldsneytissíur nokkrum sinnum, en það sé mjög mikilvægt til að vernda mikilvæga hluti í kerfinu. Líkt og fram komi í tölvupóstum álitsbeiðanda hafi bifreiðin verið þjónustuð af bifreiðaleigu og ekki liggi fyrir í gögnum málsins hvort, eða hvenær, skipt hafi verið um eldsneytissíu vélarinnar, en það sé alla jafna

gert í þjónustusköðunum. Hafi ekki verið skipt um síuna, eða ranglega að því staðið, séu líkur á að það hafi verið orsakavaldur að biluninni. Tekur gagnaðili og fram að félagið hafi engu að síður ákveðið að taka þátt í kostnaði vegna viðgerðar á bifreið álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör gagnaðila

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör gagnaðila kemur m.a. fram að álitsbeiðandi fullyrði að bifreiðin hafi farið í allar þjónustusköðanir hjá viðurkenndum aðilum og að álitsbeiðandi hafi á öllum stigu gert nákvæmlega það sem þjónustubók segi til um. Segist álitsbeiðandi ekki vera sérfræðingur í bifreiðamálum, en telji þó að spíss sé órjúfanlegur hluti af vél bifreiðarinnar.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup og lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Í málinu er deilt um hver skuli bera kostnað vegna viðgerðar á bilun í spíss í bifreiðinni xx-000. Umrædd bifreið, sem er af gerðinni VW Polo 1.2. TDi, var fyrst skráð hinn 15. júlí 2011. Álitsbeiðandi mun hafa eigast bifreiðina 21. júní 2013. Í ágúst 2015, þegar bifreiðin var 4 ára og 2 mánaða, bilaði spíss í vél bifreiðarinnar og í september s.á. var skipt um spíssinn á verkstæði. Greiddi gagnaðili í málinu helming viðgerðarkostnaðar, en álitsbeiðandi greiddi kr. 109.368. Með vísan til reglunnar um 5 ára kvörtunarfrest krafðist álitsbeiðandi þess að gagnaðili greiddi viðgerðarkostnaðinn að fullu. Því var hafnað af gagnaðila.

Ekki liggur fyrir í gögnum málsins af hverjum álitsbeiðandi keypti bifreiðina xx-000. Samkvæmt upplýsingum úr ökutækjaskrá eignaðist álitsbeiðandi bifreiðina hinn 21. júní 2013, þegar bifreiðin var tæplega 2 ára gömul. Skráður eigandi bifreiðarinnar fyrir það er Z. Verður því að ætla að nefndur gagnaðili hafi ekki selt álitsbeiðanda bifreiðina beint, heldur hafi hann keypt bifreiðina af framangreindu einkahlutafélagi hinn 21. júní 2013. Álitsbeiðandi hefur hins vegar beint kröfum sínum að gagnaðila, sem er umboðsaðili héraendis fyrir bifreiðar af þeirri gerð sem um ræðir og má ætla að gagnaðili hafi flutt bifreiðina inn og verið fyrsti seljandi hennar, skv. gögnum málsins. Slíka kröfu er alla jafna hægt að gera á grundvelli 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, en í lögskiptum álitsbeiðanda við seljanda bifreiðarinnar, Z, má gera ráð fyrir að þau lög hafi gilt. Í 1. mgr. 35. gr. segir að neytandi geti borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila. Ræðst krafa álitsbeiðanda á hendur fyrri söluaðila því á lögskiptum þess aðila við nefndan seljanda. Í ljósi þess að Z er einkahlutafélag, en ekki neytandi, hafa lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup gilt um kaup félagsins á bifreiðinni. Skv. 2. mgr. 32. gr. þeirra laga er frestur kaupanda til að bera fyrir sig galla 2 ár og er þar ekki að finna viðlíka reglu og í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, þar sem í sumum tilvikum neytendur geta borið fyrir sig galla í allt að 5 ár. Væri þegar af þessum sökum enginn grundvöllur fyrir kröfu álitsbeiðanda á hendur gagnaðila.

Þá hefur kæruneftndin í álitum sínum, t.a.m. í málinu nr. M-42/2012, komist að þeirri niðurstöðu að 5 ára kvörtunarfrestur 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eigi ekki við um spíssa. Gildir því einu hvort lög nr. 48/2003 um neytendakaup eða lög nr.

50/2000 um lausafjárkaup eiga í raun í málinu. Allt að einu nær krafa álitsbeiðanda gangvart gagnaðila ekki fram að ganga. Verður því að hafna kröfum hans.

VII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir